

Völundarbús vœntinga

Það sem ég man best frá fyrsta deginum mínum í völundarhúsinu var hvernig þorstinn sveif yfir öllu. Grasið hafði gulnað og hvítu veggirnir voru að molna. Ég var það ungur og í þannig standi að ég hugsaði ekkert mikið út í þessa ákvörðun - ég þurfti bara að komast í burtu. Mamma og litla systir mín höfðu verið grafnar um morguninn og ég var ennþá í nýju, svörtu jakkafötunum og lakkskónum. Það er annað sem ég man, hversu fljótt ég byrjaði að hata þessa lakkskó. Þeir birtast ennþá í draumum mínum, bara til að gera grín að mér. Lítil unglingur, vatnslaus og í glænýjum lakkskóm, leggur af stað inn í völundarhúsið á milli veralda og snýr aldrei aftur. Hljómar eins og byrjunin á mjög lélegum brandara.

Heima í minni æskuveröld var völundarhúsið næstum því guðdómlegt fyrirbæri. Maður vissi um einhverja frændur og formæður sem höfðu lagt af stað og aldrei sést aftur, og þegar bróðir bekkjarfélaga míns fór af stað í gegnum völundarhúsið varð hann svalasti krakkinn í skólanum. Völundarhúsið var eitthvað ótrúlegt, loforð um tækifæri til betra lífs sem eiginlega enginn nýtti sér. En það að hafa það þarna - það gerði eitthvað fyrir fólk. Þegar ég lagði af stað í völundarhúsið ætlaði ég mér að finna veröld þar sem þær væru ennþá á lífi.

Völundarhúsið er risastórt. Þú ert að hugsa um stærð, þrefaldaðu hana. Inngangarnir liggja á mismunandi stöðum og völundarhúsið leggst yfir fjöll og niður á sjávarbotna á milli þeirra. Mamma sagði alltaf að völundarhúsið væri fallegasta listaverk allra tíma. Það var það kannski einhvern tímann, og sumir gangarnir eru það, en marmarinn, vatnsbrunnarnir, blómin og gullstytturnar heyra að mestu leyti sögunni til. Gullið er máð og bronsið er blátt og blómin eru löngu visnuð. Völundarhúsið liggur ekki bara á milli veralda heldur líka á milli tíma, svo þegar þú kemur í einn af gömlu göngunum og sólin skín á stytturnar og vatnið fossar niður gosbrunnana er alltaf þessi löngun til að vera eftir - og líkin til að sanna að það sé ekki góð hugmynd. Sagan segir að það gangi óargardýr um völundarhúsið - ég hef sjálfur aldrei séð það.

Fúnu, niðurbrotnu gangarnir voru mun fleiri en gömlu, glansandi marmarasalirnir en ég man samt að mér leið alltaf betur í nýju, fúnu og niðurbrotnu göngunum. Þeir voru mannlegri. Síndu mér að

ég væri hvorki fyrstur né síðastur en líka að ég væri að stjórna hvert ég færi. Það er þessi tilfinning sem ég hef leitað að síðan þá - að vera með heiminn í höndunum. Allar leiðir mögulegar.

Ég gekk um gangana í næstum því ár þangað til ég rakst á einhvern. Þetta ár var svo sem ekkert svo sérstakt - ég man sjálfur ekkert mikið eftir því. Ég hugsaði mikið um þær, og um hvernig það ætli sé að vera heima. Hvort hundur nágrannanna sé enn á lífi. Hvort einhver skilji eftir blóm á leiðinu þeirra. Hvort ég væri að gera rétta hlutinn. Hvort það væri einhver annar veruleiki eða hvort þetta væri bara einhver þjóðsaga til að fá fólk til að ganga í ginið á einhverju óstöðvandi skrímsli. En á endanum kom ég að gömlum marmarasal með glitrandi gullstyttu af Íkarusi. Vatnið féll úr augum styttunar þar sem hún grét og nokkrar dúfur höfðu safnast saman á skálarbrúnini. Maðurinn sem sat á brúninni og kveikti sér í pípu var fyrsta lifandi sálin sem ég hafði séð í næstum því ár, og ég þurfti að stoppa mig frá því að hlaupa að þessum ókunnuga manni og faðma hann að mér.

Pípan hans lyktaði eins og epli og ég fann garnirnar í mér gaula. Hann hló. Hann var klæddur í djúpbíla peysu þrátt fyrir steikjandi hitann, og ég man eftir tilfinningunni á iljunum á mér í mjúka grasinu. Lakkskórnir höfðu á endanum gefist upp á endalaus vappinu í mér. Maðurinn var gráhærður og sorgmæddur að sjá. Ég var orðlaus. Ég hafði aldrei verið jafn ánægður að sjá manneskju í lífi mínu. Ég ætlaði að æpa, knúsa hann, gráta úr gleði - en áður en ég gat gert neitt byrjaði hann að tala.

„Nú tíð.“ Sagði maðurinn, og gerði hringi úr reyknum.

„Nú tíð?“ Svaraði ég, og hugsaði um eplabökuna hennar mömmu.

„Það ert þú.“ Sagði maðurinn, djúpt hugsandi.

„Hver ert þú?“ Spurði ég að lokum, eftir hvað mér fannst þá vera heil eilífð.

„Framtíð.“ Sagði Framtíð og hló að mér fyrir slíka spurningu. Ég roðnaði og settist við hliðina á honum á gosbrunnbrúnina. „Framtíðin þín.“

Nú er kannski vert að taka fram að þetta samtal gerðist fyrir heilli ævi síðan, og ég get ekki verið viss um að minnið sé ekki að leika á mig. Ég get hinsvegar sagt ykkur að ég gleymi þessari eplalykt aldrei. Og að af þeim hundruðum samtala sem ég hef átt í lífi mínu er þetta líklegast það eftirminnilegasta.

„Hvert ert þú að fara?“ Spurði ég Framtíðina, sem hló aftur að mér.

„Ég held að spurningin sé, hvert ert þú að fara?“

„Ég ætla mér að finna heim þar sem fjölskyldan mín er á lífi.“ Svaraði ég. Ég hafði haft heilt ár til að æfa þetta svar en ég heyrði sjálfur óvissuna í röddinni minni.

„Þú finnur hann aldrei,“ muldraði Framtíðin. Það hafði slokkað á pípunni hans og hann tók sér pásu frá því að tala til þess að standa upp og hvolfa úr öllum vösunum sínum þar til hann fann loks lítið eldspýtubréf og brosti út að eyrum á meðan hann kveikti aftur í pípunni og eplalyktin umlukti okkur. Ég táraðist. Ég veit ekki afhverju - hvort það hafi verið eplalyktin eða þetta loforð Framtíðarinnar að þetta væri allt til einskis en það næsta sem ég veit er að þá sló Framtíðin mig utan undir.

„Hættu þessu væli og hlustaðu á mig,“ sagði hann og dró upp úr enn öðrum vasa litla skissubók.

„Hér eru leiðbeiningar að heiminum sem ég hef...fengið að búa í síðan ég var á þínum aldri. Þessi heimur er góður og ég vona að þú fylgir honum.“

„Hvernig er hann? Þessi...góði heimur?“

„Fullkomnari en þú gætir nokkurn tímann ímyndað þér,“ muldraði hann og leit undan.

„Ferskjastaðir.“

„Fullt af ferskjum?“ Sagði ég í hæðni.

„Fleiri en þú gætir ímyndað þér,“ svipurinn á Framtíðinni var eins og hann væri að rifja upp stað sem væri ekki lengur til. Sem að eitthvað hræðilegt hefði skolið á og það væri allt honum að kenna. „Akrarnir á Ferskjutöðum eru alltaf grænir. Visna aldrei. Ferskjutrén blómstra í hverjum mánuði. Það er alltaf nóg að borða. Alltaf gott veður. Yndisleg kona, þrjú börn, hvítur loðbolti sem eltir þig hvert sem þú ferð...”

„Hljómar ekkert illa, en ég þarf samt að finna mömmu og systur mína. Það - það er ástæða þess að ég kom hingað til að byrja með.”

„Eiga þær það skilið allt í einu?”

„Ha?”

„Hvað gerðu þær fyrir þig? Ætlaðu að eyða öllu lífinu í það að leita að þeim þegar að ég er hérna fyrir framan þig að bjóða þér leið beint að hamingjunni. Geturðu ekki bara tekið við því sem þér er gefið?”

Ég tók óviss við skissubókinni og setti hana í vasann.

„Afhverju ertu að segja mér þetta?”

„Vertu sæll, Nútíð.“ Sagði Framtíðin, safnaði saman hlutunum sem höfðu fallið úr vösunum hans og slökkti í pípunni. Það tók hann ekkert stuttan tíma, og ég hefði getað nýtt þann tíma í að spyrja hann - en ég stóð bara þarna á meðan hann bagsaðist við að reima lakkskóna sína. Á endanum brosti hann til mín og gekk rólega í burtu - út í óvissu völunderhússins og í allt aðra átt en kortið hans benti mér á.

Ég fletti í gegnum skissubókina á meðan ég gekk af stað. Það var kort - leiðbeiningar að vikugangi sem mundi leiða að þessum útgangi að fullkomna lífinu og lýsingar á því lífi. Þessi þrjú börn - konan, hundurinn, akrarnir, bærinn, nágrennarnir. Loforð um ekkert volæði og bjarta framtíð. En

eitthvað hélt aftur af mér. Ég vildi finna þær. Eða að minnsta kosti halda í vonina að ég gæti það. Svo ég stakk bókinni aftur ofan í vasa og fór aðra leið. Eftir nokkurra mánaða gang - og vikur saman þar sem snjóaði og aðrar þar sem það rigndi svo mikið að blaðsíðurnar festust saman, kom ég loks að útgangi sem ég trúði að væri langt frá útganginum sem Framtíðin hafði lofað mér. Gamall, fúinn viðarinngangur.

Það fyrsta sem að ég tók eftir þegar ég gekk inn um innganginn var ferskjulyktin. Það var lítið þorp í dalnum fyrir neðan mig, með græna akra eins langt og augað eygði. Ég svaf undir ferskjutrjánnum og borðaði hjá gömlum, einmana manni í bænum. Eftir nokkra daga kynnti hann mig fyrir dóttur sinni sem hafði verið í heimsókn hjá systur hans á næsta bæ og sagði mér að þegar hann myndi deyja ætti ég að taka við Ferskjustöðum. Og þarna var ég, í sömu framtíð og Framtíðin hafði lofað mér. Svo ég þakkaði honum fyrir allt og sagði að ég væri að leita að fjölskyldu minni í völundarhúsinu. Gamli maðurinn sagði mér að búa mér bara til nýja fjölskyldu í staðinn, en ég gat það ekki. Ég þurfti að finna eitthvað annað. Svo ég fékk hjá honum nýja skó og lagði aftur af stað inn í völundarhúsið.

Næsta skiptið sem ég kom að inngangi var hann stór og marmaraklæddur með blómum úr skínandi gulli. Ég kom út hinum megin í helli við á. Nokkru frá ánni var lítill bóndabær þar sem ég rakst á dóttur gamla mannsins. Hún sagði mér að Ferskjustaðir væru rétt hinum megin við hlíðina. Hún bauð mér að vera hjá sér í smá stund - frænka hennar var nýdáin og hún vildi ekki vera ein á meðan hún gekk frá búinu. Svo ég gisti hjá henni í nokkra daga. Borðaði ferskjur og epli í öll mál og hjálpaði henni að fletta í gegnum tugi af myndum af fjölskyldunni. Á endanum var hún að klára að ganga frá öllu og þörfin fyrir að finna eitthvað annað var að fara með mig svo ég lagði aftur af stað.

Ég gekk í þrjá mánuði, þar til skór gamla mannsins höfðu slitnað í sundur og jarðarfararboxurnar voru ekki mikið meira en einhverjar tætlur, þangað til ég kom að næsta útgangi. Í þetta sinn var hann þung viðarhurð sem brakaði í þegar ég opnaði hana og opnaðist út frá eikartré á akri fyrir ofan ferskjustaði. Í það sinn stoppaði ég ekki til að heilsa upp á fólkið, heldur hljóp aftur inn í völundarhúsið en hvert sem ég fór endaði ég alltaf á Ferskjustöðum. Ég veit ekki hversu mörgum árum ég eyddi í að labba á milli innganga og koma upp á sama stað í dalnum. Útgangar úr marmara, víði, gleri - einu sinni kom ég meira að segja syndandi upp úr ánni. Ég gekk og hljóp í suður, austur,

vestur og norður en sama hvað þá kom ég alltaf á sama stað. Eftir hvað mér fannst vera hundraðasta skiptið ákvað ég að stoppa í smástund. Ég gat ekki hlaupið um völundarhúsið að eilífu, og dóttir gamla mannsins var byrjuð að veifa mér í hvert sinn sem ég dúkkaði upp.

Dóttir gamla mannsins hafði erft Ferskjustaði eftir að hann dó og aldrei gift sig. Hún sagðist alltaf hafa verið að bíða eftir mér. Sex ár, sagði hún. Hún sat úti þegar hún var ekki að vinna til að geta séð glitta í mig.

Ég vissi ekki þá hvernig ég ætti að bregðast við því, og veit það enn ekki núna. En ég knúsaði hana bara að mér og settist að á Ferskjüstöðum. Bara í smátíma. Þegar hún varð ólétt giftum við okkur í lítilli kirkju í næsta bæ. Framtíðin hafði sagt mér að við myndum eiga þrjú börn svo ég var staðráðinn í því að þetta skyldi vera það eina. En Framtíðin vissi betur en ég, því áður en ég vissi af vorum við að hlaupa á milli þríburanna sem örguðu hver annari hærra. Og ég gat ekki farið frá konunni minni og dætrum mínum til að leyta að fjölskyldunni minni - einhverju öðru sem enginn hafði lofað mér. Þessi tilfinning að ég þyrfti að finna mínar eigin leiðir heltók mig - og þó ég hefði það ekki í mér að fara frá þeim reyndi ég eins og ég gat að breyta ... bara einhverju.

Ég hjó niður ferskjutréd og saxaði ræturnar niður í smáa bita, en áður en mánuðurinn var liðinn var annað ferskjutréd byrjað að blómstra á sama stað. Ég neitaði stelpunum mínum í hvert sinn sem þær báðu um hund, en hundur nágrannanna eignaðist hvolpa og einn þeirra elti mig hvert sem ég fór. Ég saltaði akrana - en þeir visnuðu aldrei. Og á meðan ég barðist við þennan fullkomleika þá ólust stelpurnar mínar upp. Allt í einu átti ég þrjá unglínga sem hlustuðu á sögurnar mínar um völundarhúsið og fengu tár í augun þegar ég talaði um mömmu og systur mína. Stelpurnar mínar, sem líkaði kannski ekkert alltaf vel við mig en elskuðu mig meira en nokkur annar hafði elskað mig áður. Ég gat ekki farið frá þeim.

Ég henti hundinum í ána. Horfði á hann sökkva til botns og horfði á konuna mína og stelpurnar hlaupa um og kalla eftir honum. Ég horfði á nýjan, hvítan hvolp þefa af blómum fyrir utan glugga stelpnanna þar sem þær laumuðu til hans kjötbitum. Ég horfði á elstu dóttur mína verða ástfangna af strák á næsta bæ, ég mætti í brúðkaupið hennar, ég hélt á fyrsta barnabarninu mínu. Ég

horfði á miðjudóttur mína og vinkonu hennar flytja inn í eyðibýli systur gamla mannsins, ég hjálpaði þeim að gera upp húsið og horfði á ferskjutrén þeirra blómstra. Ég horfði á yngstu dóttur mína verða eins og ég var á hennar aldri - fulla af ævintýralöngun, fullviss um að hún væri ekki eins og ég og gæti fundið ömmu sína og frænku. Ég horfði á eftir henni inn í völundarhúsið og vonaði að hennar útgangar myndu allir leiða á Ferskjustaði eins og mínir. Ég horfði á konuna mína eldast, veikjast, ná sér. Ég horfði á hana elska mig og ég gat ekki neitað því að ég elskaði hana líka.

En þrátt fyrir alla þessa hamingju og allt þetta líf þá reyndi ég alltaf að eyðileggja það. Þetta var nákvæmlega sú framtíð sem hafði verið lýst fyrir mér og ég vildi ... eitthvað annað. Ég vildi hafa val. Aðra möguleika. Ég brenndi niður Ferskjuhaga. Sætti kaffi konunar minnar með angurshafa. Beið til Guðs að bara einn vetur væri í volæði. En nágrannarnir hjálpuðist að við að endurbyggja Ferskjuhaga vegna þessa ógurlega slyss, angurshafinn var ekki eittraður og ekkert volæði kom.

Yngsta dóttir mín kom aldrei aftur. Ég velti því enn fyrir mér hvar hún endaði. Hver hennar örlög séu. Ég hafði áttað mig á því þá að þetta væru örlög. Að alheimurinn hefði valið þetta fyrir mig. Og eitthvað annað fyrir dóttur mína. Lífið var gott. Ég var orðinn gamall, konan mín eldri.

Barnabörninn hlupu um Ferskjuhaga og hlustuðu á sögurnar mínar úr Völundarhúsinu og spurðu mig afhverju ég hætti að leita að fólkinu mínu og ég vissi ekki hvað ég átti að segja þeim. Að ég hefði komist að því að það væri bara ein leið fyrir alla til þess að lifa, og það væri tilgangslaust að leita að einhverju öðru? Sú vitneskja hafði eyðilagt fyrir mér fimmtíu ár af hamingju.

Í rauninni var allt líf mitt marið af þessari vitneskju. Bara það að vita að það væri ekkert annað handa mér hafði eyðilagt möguleikann minn á hamingjusömu lífi og tíma með börnunum mínum. Og eftir þennan tíma í völundarhúsinu voru 50 ár ekki mikið fyrir mér. Tíminn líður hægar í völundarhúsinu, og hann rennur frá þér í raunveruleikanum. Ég get viðurkennt það að ég hefði átt að eyða meiri tíma með börnunum mínum, eða með konunni minni sem lést að lokum fyrir nokkrum árum og er grafin undir ferskjutrénu. Ég hefði bara átt að eyða meiri tíma í lífið og minna í það að reyna að fara á móti alheiminum. Reyna að sanna fyrir sjálfum mér að ég hefði stjórn á einhverju, þegar alheimurinn hafði gefið mér svona fallett líf.

Þegar konan mín dó áttaði ég mig á þessu. Að ég hefði eytt lífinu í að leita að stjórnleysi. Eða bara að leita að stefnu sem ég vel. Að allar minningarnar okkar saman eru litaðar af þessari þráhyggju til að breyta og stjórnast. Svo ég lagði af stað inn í vöfundarhúsið í síðasta sinn.

Ég hafði aldrei sagt fjölskyldu minni frá því sem ég vissi. Bara að ég hefði verið að leita að fjölskyldu minni en alltaf saknað mömmu eða ömmu þeirra. Svo nú sagðist ég vera að fara að leita að dóttur minni. Í rauninni fór ég að leita að fortíðinni. Tíminn í vöfundarhúsinu virkar öðruvísi. Fortíð, nútíð og framtíð rennur saman svo ég vissi að á endanum myndi ég rekast á sjálfan mig úr fortíðinni og geta sagt honum hvernig hann kæmist á Ferskjustaði og vonað að hann myndi hlusta og trúá mér og ekki vita það sem ég veit. Ég var orðinn gamall, og er það enn, svo ég gekk mun hægar en í gamla daga. Ég gekk í fleiri ár þangað til ég kom loksins að sal sem ég kannaðist við, með gosbrunni og gullstyttu af Íkarusi grátandi í miðjunni í hvítum marmarasal. Ég settist niður. Ég var nú reyndar ekki viss hvort ég væri á réttum tíma - tíminn er erfiður. En ég beið samt. Ég sat á marmarabakkanum og reikti pípu eftir pípu. Ég hugsaði um líf mitt. Vonaði að ég væri ekki of seinn að bjarga Fortíðinni frá þessu öllu saman. Ég byrjaði að lokum að punkta þetta niður. Ég var að taka pásu frá skrifum eftir nokkrar vikur af bið þegar hópur af dúfum komu og tylltu sér á skálarbrúnina. Það kemur yfir mig þessi tilfinning að það sé komið að því. Að tíminn líði hraðar. Að alheimurinn hafi, enn og aftur, leitt mig á þennan stað og þessa stund. Og allt í einu velti ég fyrir mér hvort það sé tilviljun að ég hafi komist að sannleikanum um vöfundarhúsið - að það sé bara ein leið í gegnum það. Ég var nýbúin að kveikja mér í pípu þegar lítill berfættur unglingur kemur fyrir hornið.

Garnirnir hans gaula hærri en ég hef nokkurn tímann heyrt og ég kemst ekki hjá því að flissa að honum. Gæsa húðin sprettur fram og mér verður kalt. Svipurinn á Fortíðinni ... hann er ólesanlegur. Bæði hræddur og ánægður að sjá einhverja lifandi sálu. Loftið er þykkt og ég hugsa að ég gæti líklegast synt í gegnum það. Mollan er nærri því yfirþyrmandi. Hann opnar munninn, stöðvar sig og gengur svo af stað.

„Nútíð.“ Segi ég. Hann er nú Nútíð fyrir sjálfum sér.

„Nú tíð?“ Svarar Fortíðin og ég sé sorgina yfirtaka hann þegar hann finnur lyktina af reyknum.

„Það ert þú,“ svara ég og kemst ekki hjá þeirri tilfinningu að ég sé að gera mistök eftir allt.

„Hver ert þú?“ Spyr hann eftir smástund, og í smástund er ég hræddur um að það líði yfir hann.

„Framtíð“, segi ég og hlæ. Meira úr stressi en neinu öðru, til að segja satt. „Framtíðin þín.“

Fortíðin roðnar og sest við hliðina á mér á gosbrunnsbrúninni.

„Hvert ertu að fara?“ Spyr hann mig. Ég hlæ aftur. Ég finn að lófarnir svitna og ég veit ekki hvað ég á að gera með hendurnar á mér. Hvernig útskýri ég að ég hafi komið að leita að honum, að þetta sé allt til að bjarga honum frá þeim örlögum að sóa lífinu út af einhverri stjórnsemi?

„Ég held að spurningin sé, hvert ert þú að fara?“ Svara ég að lokum, og vona að það sé nógu sannfærandi til þess að ég líti út fyrir að vita hvað ég er að gera.

„Ég ætla mér að finna heim þar sem fjölskyldan mín er á lífi,“ svarar hann strax. Þetta svar er augljóslega æft - ég man sjálfur eftir því að hafa æft það, en óvissan skín af Fortíðinni.

„Þú finnur hana aldrei,“ muldra ég með sjálfum mér. Mögulega er ég að bugast af þessu öllu. Ég er bara búinn á því, einhvern veginn. Ég stend upp og hvolfi úr öllum vösunum á jakkanum mínum til að finna eldspýturnar mínar - meira til að hafa eitthvað að gera en neitt annað. Þegar ég horfi á Fortíðina er hann með tár í augunum. Það hellist yfir mig vorkunn og sorg yfir því sem hann er að ganga í gegnum. Ég þurrka svitann af lófunum og byrja að fikta í hnappi þangað til reiðin yfirtekur allt. Ég slæ hann utan undir í reiðiskasti. Ég veit ekki alveg hvað gengur á með mig, en ég fæ bara þessa tilfinningu að þetta sé allt búið. Að það sé ekkert meira að gera.

„Hættu þessu væli“, hvæsi ég á hann og dreg upp litla bók. „Hér eru leiðbeiningar að heiminum sem ég hef ... fengið að búa í síðan ég var á þínum aldri. Þessi heimur ... þessi heimur er góður og ég

vona að þú trúir mér.“ Ég veit ekki hvað ég er að segja. Mig svimar og mér er allt í einu orðið heitt. En ég vona að hann hlusti á mig.

„Hvernig er hann? Þessi...góði heimur?“ Spyr Fortíðin að lokum.

„Fullkomnari en þú gætir nokkurn tímann ímyndað þér“, muldra ég á endanum. Ég finn fyrir hjartslættinum í kjálkanum. „Ferskjustaðir“.

„Fullt af ferskjum?“ Spyr Fortíðin.

„Fleiri en þú gætir nokkurn tímann ímyndað þér“. Allt í einu hellast yfir minningar um heimahagana á Ferskjustöðum. Leiði konunar minnar undir ferskjutrénu. Barnabörnin, börnin, hundurinn sem ég skildi eftir. Eftirsjá að hafa ekki notið þess. „Akrarnir á Ferskjustöðum eru alltaf grænir. Visna aldrei. Ferskjutrén blómstra í hverjum mánuði. Það er alltaf nóg að borða. Alltaf gott veður. Yndisleg kona, þrjú börn, hvítur loðbolti sem eltir þig hvert sem þú ferð...“. Ég fann tárin spretta fram og sný mér undan - hann þarf að trúa því sem ég segi.

„Sko, það hljómar ekkert illa en ég þarf samt að fara að finna mömmu og systur mína. Það er ástæðan fyrir því að ég kom hingað til að byrja með.“

Reiðin vellur meira upp í mér. Hér er ég búinn að leita hann uppi til að gefa honum lykilinn að hinu fullkomna lífi og hann hafnar því. Og það er ekki eins og þessi mamma okkar hafi verið fullkomin - áttar hann sig ekki á því að það er betra að sleppa því bara? Sleppa þessu öllu bara.

„Eiga þær það skilið allt í einu?“ Segi ég á endanum.

„Ha?“

„Hvað gerðu þær fyrir þig? Ætlaðu að eyða öllu lífinu í það að leita að þeim þegar að ég er hérna fyrir framan þig að bjóða þér leið beint að hamingjunni. Geturðu ekki bara tekið við því sem þér er gefið?“

Á endanum tekur Fortíðin óviss við bókinni með kortinu.

„Vertu sæll, Nútíð,“ segi ég við hann. Hann situr bara og starir á mig á meðan ég safna saman hlutunum og minningunum sem höfðu dottið úr vösunum mínum. Síðan horfi ég á hann í augnablik áður en ég legg af stað. Ég finn löngun til að hlaupa að honum og knúsa hann. Vara hann við. Segja honum allt. En í staðinn sný ég mér við og geng í burtu.

Nú, þegar að ég skrifa þetta þá eru ekki nema nokkrar vikur síðan ég hitti Fortíðina. Og ég er gamall og get varla gengið svo ég sit og skrifa flesta daga. En ég held í vonina um að Fortíðin hafi trúað mér og notið lífsins í Ferskjuhögum. Ég sjálfur hef ekkert fleira að gera. Ég mun ganga eins langt og ég get - bara til þess að vera viss um að það sé ekkert annað hérna. Og svo mun ég detta niður í einhverjum marmarasal eða umkringdur fúnum viðarspýtum í snjóstormi og ef þú ert að lesa þetta hefur þú fundið litlu bókina mína og ég hef aldrei fundið neitt annað - neitt meira. Ef þú ert að lesa þetta eyddi ég lífinu í það að reyna að hafa stjórn á einhverju en hafa enga. Og nú veist þú það líka.